

11. HÖGGKENNDUR HÁVAÐI

(Þessi liður er í endurskoðun með hliðsjón af tækniframförum og mun nefndin um aðlögun að tækniframförum leggja fram endanlegan texta.)

12. UPPLÝSINGAR SEM SKULU SKRÁÐAR

Í skýrslunni skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar um hávaðamælingar við stjórnvöl eða -palla í samræmi við lið 10 í I. viðauka.

Veita skal frekari upplýsingar um fyrirkomulag við stjórnvöl eða -palla meðan á mælingum stendur.

Í skýrslunni skal enn fremur staðfesta að A-vegið jafngildishljóðstig $L_{Aeq}(t_1, t_2)$ hafi fengist í nákvæmu samræmi við þessa mælingaraðferð og sérreglurnar.

Athugasemd:

Ef mælingarnar við stjórnvöl eða -palla eru gerðar jafnhliða því að hljóðstig vélarinnar er ákvarðað verður að skrá upplýsingarnar um það í sérstakri skýrslu.

REGLUR

um leyfilegt hljóðaflsstig byggingarkrana.

1. gr.

Reglur þessar gilda um leyfilegt hljóðaflsstig hávaða sem berst í lofti út í umhverfið og leyfilegt hljóðstig hávaða sem berst í lofti á stjórnþalli byggingarkrana sem notaðir eru á byggingarstöðum og við aðra verktakavinnu og settir eru á markað eftir gildistöku reglnanna. Reglurnar gilda um byggingarkrana sem falla undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Reglurnar eru sérreglur settar á grundvelli gildandi reglna um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

2. gr.

Í reglum þessum merkir "byggingarkrani" vélknúinn lyftibúnað sem:

- er í notkun samsettur úr lóðréttum turni með bómu festa við efri hlutann,
- er með útbúnað til að lyfta og slaka hangandi byrði (punga) og færa þannig byrði til lárétt með því að færa hana nær eða fjær turninum eða með því að snúa öllum búnaðinum eða færa hann úr stað,
- hægt er að taka niður og fjarlægja að loknu því verki sem hann var reistur fyrir.

3. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins eða aðili sem það samþykkir gefur út vottorð um EBE-gerðarprófun: — fyrir hverja gerð byggingarkrana sem hefur ekki hærra hljóðaflsstig hávaða sem berst í lofti en leyfilegt er samkvæmt eftirfarandi töflu, mælt við skilyrði sem kveðið er á um í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, eins og honum er breytt með viðaukanum við þessar reglur:

	Leyfilegt hljóðaflostig í dB (A)/1pW
Vindubúnaður	100
Aflvél	Hljóðstig er gefið í reglum um aflvélar miðað við það afl sem þær skila
Búnaðurinn allur, bæði vindubúnaður og aflvél	Notast skal við hæstu mælinguna frá tækjunum tveimur

- fyrir hverja gerð byggingarkrana sem búinn er stjórnpalli sem festur er á burðarvirki hans og ekki mælist hærri hljóðaflostig á stjórnpalli í desíbelum talið en leyfilegt er samkvæmt eftirfarandi töflu, mælt við skilyrði sem kveðið er á um í II. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss með viðbót sem fylgir þessum reglum í I. viðauka a:

Leyfilegt hljóðstig í dB(A)/20μPa á stjórnpalli
80

- Umsóknum um vottorð um EBE-gerðarprófun vegna leyfilegs hljóðaflostigs byggingarkrana skulu fylgja upplýsingar samkvæmt fyrirmyndinni sem sýnd er í II. viðauka.
- Vinnueftirlit ríkisins eða samþykkti aðilinn fyllir út vottorð um EBE-gerðarprófun fyrir hverja gerð byggingarkrana sem hann viðurkennir í samræmi við fyrirmyndina sem sýnd er í III. viðauka við gildandi reglur um vélar og búnað á byggingarsvæðum.
- Vottorð um EBE-gerðarprófun er í mesta lagi gefið út til fimm ára. Heimilt er að framlengja þennan tíma um fimm ár enda hafi ný umsókn verið lögð fram á síðustu tólf mánuðum fyrsta fimm ára tímabilsins.
- Framleiðandinn skal útfylla dálkana um EBE-gerðarprófun í samræmisvottorði fyrir hvern byggingarkrana sem smíðaður er í samræmi við þá gerð sem er viðurkennd eftir EBE-gerðarprófun og skal vottorðið vera með sama sniði og fyrirmyndin í IV. viðauka við gildandi reglur um vélar og búnað á byggingarsvæðum.
- Á hverjum byggingarkrana sem smíðaður er í samræmi við gerð sem viðurkennd er eftir EBE-gerðarprófun skal vera skýrt og varanlegt merki sem á er skráð það hljóðaflostig tækisins í dB(A) miðað við 1 pW og, þegar í hlut á sú gerð byggingarkrana sem hefur stjórnpall áfastan burðarvirki kranans, það hljóðstig í dB(A) miðað við 20 μPa, sem framleiðandinn ábyrgist og ákvarðað hefur verið með þeim hætti sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss og bætt við þá með I. og II. viðauka a við þessar reglur, ásamt táknum ε (epsilon). Fyrirmyndin að þessum merkjum er sýnd í III. viðauka við þessar reglur.

4. gr.

Eftirlit með því að framleiðsla tækjanna sé í samræmi við þá gerð sem var prófuð, eins og kveðið er á um í 12. gr. gildandi reglna um vélar og búnað á byggingarsvæðum, framkvæmir Vinnueftirlit ríkisins eftir föngum.

5. gr.

Ekki er heimilt að setja á markað byggingarkrana sem ekki fullnægja kröfum samkvæmt þessum reglum eða reglum um vélar og búnað á byggingarsvæðum.

6. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.
2. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 84/534/EBE sem vísað er til í 4. tölul., VI. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

7. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum vegna framkvæmdar á reglum þessum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

8. gr.

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

9. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 4. tölul., VI. kafla, II. viðauka, tilskipun 84/534/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðafsstig byggingarkrana, eins og henni var breytt með tilskipun 87/405/EBE. Reglurnar öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI I

AÐFERÐ VIÐ AÐ MÆLA HÁVAÐA SEM BERST Í LOFTI FRÁ BYGGINGARKRÖNUM**GILDISSVIÐ**

Þessi mælingaraðferð gildir um byggingarkrana. Í henni eru gefin fyrirmæli um aðferðina við að ákvarða hljóðafsstig slíkra tækja vegna EBE-gerðarprófunar og eftirlits með samræmi.

Þessar tæknilegu aðferðir eru í samræmi við kröfurnar í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

Allir liðir I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss skulu gilda um byggingarkrana, að teknu tilliti til eftirfarandi breytinga:

4. VIÐMIÐANIR SEM NOTA SKAL ÞEGAR GREINT ER FRÁ NIÐURSTÖÐUM

- a) Sé byggingarkraninn knúinn af sjálfstæðum aflgjafa skal hljóðeðlisfræðileg viðmiðun fyrir umhverfi hans gefin upp sem hljóðafsstig vindubúnaðarins.

- b) Sé aflgjafinn innbyggður í kranann skal hljóðeðlisfræðileg viðmiðun fyrir umhverfi hans annaðhvort gefin upp sem:
- hljóðafsstig aflgjafans og vindubúnaðarins hvors um sig ef báðir eru ekki á sama stað, eða
 - hljóðafsstig aflgjafans og vindubúnaðarins samanlagt.

6. MÆLINGARAÐSTÆÐUR

- 6.2. Notkun hávaðavaldsins meðan mælingar eru gerðar.
Ef vindubúnaðurinn er á aftanverðri bómunni geta hávaðamælingarnar farið fram annaðhvort með búnaðinn áfastan bómunni eða niðri á jörðinni.
Ef kraninn er knúinn af sjálfstæðum aflgjafa (rafhreyfli, utanaðkomandi rafstraum, vökvakrafti eða lofti) skal einvörðungu mæla hávaðann frá vindubúnaðinum.
Sé aflgjafi tengdur krananum skulu aflgjafinn og vindubúnaðurinn mældir hvor í sínu lagi ef þeir eru ekki sambyggðir.
Ef tækin tvö eru sambyggð skulu mælingarnar miðast við alla uppsetninguna.
Við hávaðamælingarnar skulu vindubúnaðurinn og aflgjafinn settir upp og notaðir í samræmi við fyrirmæli framleiðandans. Orkugjafinn sem er sambyggður krananum skal látinn ganga af fullu afli samkvæmt því sem framleiðandinn gefur upp. Vindubúnaðurinn skal vinna með þeim hætti sem segir í 6.2.1 og 6.2.2 við hífingar og slökun.
- 6.2.1. Prófun á hávaðavaldinum í lausagangi
Vindubúnaðurinn vinni án álags með tromluna á þeim hraða að krókurinn slakist jafnt og þétt. Framleiðandinn skal gefa upplýsingar um þennan hraða.
- 6.2.2. Prófun við álág
Vindubúnaðurinn vinni þannig að vírin sé strekktur á tromlunni eins og er við hámarksþunga (miðað við minnsta rásdís) og krókin á mesta hraða.
Framleiðandinn skal gefa upplýsingar um þunga og hraða.
Kanna skal hraðann meðan á prófuninni stendur.

Athugasemd:

Greina skal frá herra hljóðafsstiginu (við hífingu eða slökun) í niðurstöðum prófunarinnar.

- 6.3. Mælingastaður
- 6.3.1. Mælingar á vindubúnaðinum
Vindubúnaðurinn skal settur upp með einhverjum þeim hætti sem að neðan getur þegar hávaðamælingarnar fara fram. Lýsa skal þeirri uppsetningu sem notast er við í prófunarskýrslunni.
- a) Vindubúnaður á jörðinni
Uppsettum krananum skal komið fyrir á sléttum steiptum eða malbikuðum fleti sem endurkastar hljóði.
 - b) Vindubúnaður á bómunni aftanverðri
Vindubúnaðurinn skal vera að minnsta kosti 12 metra hæð.
 - c) Vindubúnaður festur niður á jörðinni
Vindubúnaður skal festur niður á sléttum steiptum eða malbikuðum fleti sem endurkastar hljóði.
- 6.3.2. Mælingar á aflgjafanum
Sé aflgjafinn tengdur krananum, hvort sem hann er í sambandi við vindubúnaðinn eða ekki, skal honum komið fyrir á sléttum steiptum eða malbikuðum fleti.
- 6.4. Mælingayfirborð, mælingafjarlægð, staðsetning og fjöldi mælingapunkta
- 6.4.1. Mælingayfirborð, mælingafjarlægð
- a) Mælingar gerðar á jörðinni
Mælingayfirborðið sem notað er við mælingar á jörðinni skal vera hálfkúla (myndir 1 og 2). Miðja hálfkúlunnar skal vera annar endi línu sem hugsast dregin lóðrétt á jörðina um miðjan vindubúnaðinn, orkugjafann eða hvort tveggja.

Radíusinn skal vera:

- 4 m, sé stærsta mál vindubúnaðar, aflgjafa eða hvors tveggja eigi meira en 1,5 m,
- 10 m, sé stærsta mál vindubúnaðar, aflgjafa eða hvors tveggja meira en 1,5 m.

- b) Mælingar gerðar í sömu hæð og bóman er
Sé vindubúnaðinum komið fyrir á bómunni skal mælingayfirborðið vera kúlulaga með 4 m radius, sammiðja við vinduna (mynd 3).
- 6.4.2. Staðsetning og fjöldi mælingapunkta
- a) Mælingar á jörðinni
Við hávaðamælingar niðri á jörðinni skulu notaðir sex mælingapunktar, þ.e. 2, 4, 6, 8, 10 og 12 og skulu þeir staðsettir í samræmi við lið 6.4.2.2. í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.
- Við mælingar á vindubúnaðinum eða á vindubúnaði og aflgjafa saman, skal x-ás þess hnitakerfis sem staðsetning mælingapunktanna miðast við vera samsíða meginási tromlunnar á vindunni.
- b) Mælingar gerðar í sömu hæð og bóman er
Sé vindubúnaðinum komið fyrir á aftanverðri bómunni skulu mælingapunktarnir vera með eftirfarandi hætti, eins og sýnt er á mynd 3.
Fjórir mælingapunktar á lárétttri línu sem hugsast dregin í gegnum miðjan búnaðinn ($H = h/2$)
- þar sem $L = \frac{r}{\sqrt{2}} = 2,80m$
- og $d = 2,80m - \frac{1}{2}$
- r = radius mælingayfirborðsins = 4 m,
 L = hálf fjarlægðin milli tveggja samliggjandi mælingapunkta,
 l = lengd alls búnaðarins (miðað við miðjuás bómunnar),
 b = breidd alls búnaðarins,
 h = hæð alls búnaðarins,
 d = fjarlægð milli grindar sem heldur hljóðnema og vélbúnaði í átt að bómunni.
Hinir tveir mælingapunktarnir skulu staðsettir þar sem skerast hálfkúlan og lóðréttan línun sem hugsast dregin gegnum vélbúnaðinn miðjan.

Athugasemd:

Framkvæmd mælinganna gæti orðið auðveldari ef hægt væri að nota tæki til að kanna staðsetningu og stillingu hljóðnemanna af jörðinni. Við mælingarnar skal þessu tæki komið fyrir á vindubúnaðinum ásamt hljóðnemunum.

7. FRAMKVÆMD MÆLINGANNA

7.1.1. Við leiðréttingar skal einvörðungu tekið tillit til hávaða í bakgrunni.

Athugasemd:

Þegar mælingarnar eru gerðar til að ákvarða hljóðaflsstig vindubúnaðarins skal þess vandlega gætt að fylgihljóð sem aflgjafinn gefur frá sér beint eða óbeint hafi engin áhrif á mælingarnar á hávaðanum í vindubúnaðinum.

7.1.5. Hindranir sem endurkasta hljóði

Nægleigt er að svipast um á hringlaga svæði með þreföldum radius mælingayfirborðsins og sammiðja við það til að ganga úr skugga um að fullnægt sé ákvæðum þriðju undirgreinar í lið 6.3 í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

7.2. Mælingar á hljóðstiginu L_{pA}

Hljóðstigið í vindubúnaðinum og/eða aflgjafanum skal mælt eins og frá greinir í fyrstu undirgrein liðar 7.2. í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

Mæla skal hljóðstigið L_{pA} að minnsta kosti þrisvar. Ef munurinn á því hljóðstigi sem mælist í einhverjum tveimur þessara mælinga er ekki meira en 1 dB þarf ekki að gera frekari mælingar. Að öðrum kosti skal mælingunum haldið áfram uns munurinn á tveimur eða þremur mælingum er ekki meiri en 1 dB. Rótarferningsmeðaltal af gildum þeirra mælinga, sem fást þannig og munar um 1 dB á, skal teljast niðurstaða mælinganna.

Við mælingar á hljóðstigi vindubúnaðarinn skal mælingatíminn vera $(t_r + t_f)$ sekúndur, þar sem:

- t_r er tíminn í sekúndum áður en hemlum er beitt og skal virkni vindubúnaðarinn vera með þeim hætti sem um getur í 6.2.1 og 6.2.2. Við þessar mælingar er $t_r = 3$ sekúndur,
- t_f er tíminn í sekúndum frá því að hemlunum er beitt og þar til krókurinn stöðvast alveg. Sé notaður tegurhljóðmælir skal tegruntíminn vera jafn $(t_r + t_f)$ sekúndum.

8. NOTKUN Á NIÐURSTÖÐUM

Við framkvæmd ákvæða þessara reglna skal hljóðstig fyrir byggingarkrana vera hæsta stigið sem fæst við útreikninga í samræmi við 7.2 að því er varðar prófanir í lausagangi og við álag eins og kveðið er á um í 6.2.

8.1.1. Rótarferningsmeðalgildi við mælingapunkt

Rótarferningsmeðalgildið við mælingapunkt fæst með:

$$L_{pi} = 10 \log_{10} \frac{1}{t_r + t_f} (10^{0,1L_{1i}} t_r + 10^{0,1L_{2i}} t_f)$$

t_f = sjá 7.2;

t_r = sjá 7.2;

L_{1i} = hljóðstig við mælingapunkt i á tímanum t_r eins og sýnt er í 7.2.;

L_{2i} = hljóðstig við mælingapunkt i á hemlunartímanum t_f eins og sýnt er í 7.2.

8.2. Gildir ekki.

8.3. Svæðið S á mælingayfirborðinu reiknað út

a) Ef mælingayfirborðið er hálfkúlulaga:

Flöturinn S á mælingayfirborðinu í fermetrum talinn skal vera svo:

$$S = 2\pi r^2$$

Athugasemd:

Hljóðstigið $10 \log_{10} \frac{S}{S_0}$ skal vera 20 dB ef $r = 4$ m en 28 dB ef $r = 10$ m.

b) Ef mælingayfirborðið er kúlulaga:

Flöturinn S á mælingayfirborðinu í fermetrum talinn skal vera svo:

$$S = 4\pi r^2$$


$$= 200 \text{ m}^2$$


Athugasemd:

Hljóðstigið $10 \log_{10} \frac{S}{S_0}$ skal vera 23 dB.

8.6.2. Með hliðsjón af lið 6.3. í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss gildir fastinn C ekki og $K_2 = 0$.


Mælingayfirborð miðað við staðsetningu vindubúnaðar






Mynd 1

Staðsetning mælingapunkta ef vindubúnaður er á jörðinni
Mælingapunktarnir eru: 2, 4, 6, 8, 10 og 12.



Mynd 2

Staðsetning mælingapunktanna (1 til 6) ef vindubúnaði er komið fyrir á bómunni aftanverðri



Mynd 3

I. VIÐAUKI a

AÐFERÐ VIÐ AÐ MÆLA HÁVAÐA SEM BERST Í LOFTI Á STJÓRNPELLI BYGGINGARKRANA

Þessi aðferð gildir um byggingarkrana sem búnir eru stjórnalli sem festur er við burðarvirki kranans.

Þessi tæknilega útfærsla uppfyllir kröfur II. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, og ákvæði þess viðauka gilda um byggingarkrana með eftirfarandi breytingum og viðbótum:

6. STJÓRNANDINN

Stjórnandi verður að vera á stjórnalli.

6.2.1. Stjórnandi stendur

Ef ekki er sæti á stjórnalli skal stjórnandinn standa meðan mælingarnar fara fram.

6.2.2. Stjórnandinn situr

Ef sæti er á stjórnalli skal stjórnandinn sitja meðan mælingarnar fara fram.

Athugasemd:

Greina skal frá því í prófunarskýrslunni hvort stjórnandinn situr eða stendur meðan mælingarnar fara fram.

7.1 Almenn

Hljóðnemanum skal komið fyrir eins og greinir í lið 7.3.

9. ALMENN ATRIDI

Uppsetning og notkun byggingarkranans skal vera með þeim hætti sem frá greinir í lið 6.2 í I. viðauka. Sé vindubúnaðurinn á bómunni aftanverðri skal kraninn prófaður miðað við þá uppsetningu.

9.2. Notkun byggingarkrana með stillanlegum útbúnaði (t.d. gluggum sem hægt er að opna)

Við mælingarnar skal ekki tekið tillit til néns þess stillanlega búnaðar sem um getur í 9.2.1. nema þess sem um getur í 9.2.2.

10.2.2. Þegar beitt er A-vegna hljóðstigi, L_{pA} . Ekki skal tekið tillit til þessa liðar.

VIÐAUKI II

FYRIRMYND AÐ LÝSINGU Á GERÐ AF BYGGINGARKRANA SEM Á AÐ FYLGJA UMSÓKN UM EBE-GERÐARPRÓFUN

1. Almenn

1.1. Nafn og heimilisfang framleiðanda.....

1.2. Nafn og heimilisfang viðurkennds umboðsmanns (ef við á).....

1.3. Heiti vélar (nafn fyrirtækis)

1.4. Viðskiptaheiti (tilgreinið undirheiti)

1.5. Gerð

1.6. Flokkur.....

1.7. Staðsetning og festing á lögboðnum upplýsingaskiltum og áletrunum


2. Notkun


3. Notkunarleiðbeiningar

4. Ef til er bæklingur með tæknilegum leiðbeiningum skal hann látinn fylgja.

III. VIÐAUKI

FYRIRMYNDIR AÐ MERKJUM ÞAR SEM GEFIÐ ER UPP ÞAÐ HLJÓÐAFLSSTIG OG HLJÓÐSTIG Á STJÓRNPALLI SEM FRAMLEIÐANDINN ÁBYRGIST





19. maí 1994

Nr. 331

REGLUR

um leyfilegt hljóðafsstig rafsúðuvéla.

1. gr.

Reglur þessar gilda um leyfilegt hljóðafsstig rafsúðuvéla sem notaðar eru á byggingarstöðum og við aðra verktakavinnu og settar eru á markað eftir gildistöku reglnanna. Reglurnar gilda um rafsúðuvélar sem falla undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Reglurnar gilda jafnframt um slíkar vélar og búnað sem seldur er eða leigður jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, sé hann ekki háður öðrum lögum eða reglum. Reglurnar eru sérreglur settar á grundvelli gildandi reglna um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

2. gr.

Í þessum reglum merkir "rafsúðuvél" öll vélknúin tæki til að framleiða straum til rafsúðu.

3. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins eða aðili sem það samþykkir gefur út vottorð um EBE-gerðarprófun fyrir hverja gerð rafsúðuvélar sem hefur ekki hærra hljóðafsstig vegna hávaða í lofti en leyfilegt er samkvæmt eftirfarandi töflu, mælt við skilyrði sem kveðið er á um í I. viðauka við gildandi reglur um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss, eins og honum er breytt með I. viðauka við þessar reglur:

Mesti leyfilegi rafsúðustraumur	Leyfilegt hljóðafsstig í dB(A)/1 pW
200 A eða minna	101
Meira en 200 A	100